

31. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn á Kjarval, föstudagur, 15. ágúst 2025, kl. 08.45-10.15

Fundinn sátu:

Sævar Birgisson, Eva Jósteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir (TEAMS), Jakob Einar Jakobsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Rannveig Grétarsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerð 30. fundar 5. júlí 2025**
Samþykkt og undirrituð.
2. **Yfirlit yfir stöðu og rekstur**
Farið yfir helstu verkefni í gangi og stöðu þeirra. Viðhorfsrannsókn meðal íbúa fer m.a. út næstkomandi mánudag. Aðalfundur, Ferðamálaþing og Höfuðgleði verða auglýst í næstu viku og fundarboð á aðalfund sent út. Undirbúningur vegna Vestnorden og FAM ferðar í Fullum gangi. Þó nokkrir blaðamenn á leiðinni í september ásamt stóru fjölmiðlaverkefni sem unnið er með Markaðsstofu Vesturlands og Íslandsstofu. Út um allt gengið vel í sumar með skemmtilegum áhrifavöldum sem hafa tekið þátt í að dreifa boðskapnum. Góður gangur á Reykjavík City Card. Fyrsti fundur aðgerðarhóps um sólmyrkva í lok ágúst.
3. **Umræða um aðildarmál**
Umræða um mögulega aðild erlendra aðila sem eru ekki með starfstöð á Íslandi og ákveðið að slíkir aðilar eigi geti orðið aðilar á sömu forsendum og íslenskir aðilar skv. ársverkum.
4. **Tölur um áfangastaðinn**
Frestað til næsta fundar og óskað eftir því að uppfæra þær tölulegu upplýsingar sem hafa breyst síðan samantektin var gerð í vor.
5. **Önnur mál**
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.00.